

Alþingi
Erindi nr. P 131/1173
komudagur 6.4.2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 74. mál.

Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á nauðsyn þess að breyta lagareglum um áfengisauglýsingar.

Það er öllum ljóst að núverandi ástand felur í sér réttaróvissu og ótvíræða og óumdeilda mismunun milli íslenskra framleiðenda og erlendra. Reglurnar fela beinlínis í sér mismunun gagnvart erlendum keppinautum sem koma sínum auglýsingum að í erlendum prentmiðlum sem hingað eru fluttir og í erlendri sjónvarpsdagskrá sem sýnd er hérlendis. Það er óþolandi fyrir íslenska áfengisframleiðendur að vera gert að starfa eftir öðrum og strangari reglum en erlendum keppinautum á íslenskum markaði.

Í stað þess að herða á banni og reyna að framfylgja því er miklu skynsamlegra að rýmka reglur um áfengisauglýsingar og með þeim hætti að draga úr auglýsingum af því tagi sem flutningsmenn frumvarpsins benda sérstaklega á og felast í óbeinum auglýsingum og misvel dulbúnum.

Sjálfsgagt og eðlilegt er að setja auglýsingum skorður og væri þá rétt að styðjast t.d. við þær almennu reglur sem Evrópusambandið hefur sett um slíkar auglýsingar sbr. tilskipun ESB nr. 552/1989. Þar segir m.a að auglýsingar um áfengi skuli hlíta þessum viðmiðunarreglum:

- þær mega ekki beinast sérstaklega gegn ólögráða börnum eða ungmennum né sérstaklega sýna þau drekka áfenga drykki;
- þær mega ekki tengja neyslu áfengis aukinni líkamlegri færni né heldur akstri;
- þær mega ekki skapa þá ímynd að neysla áfengis eigi þátt í félagslegri eða kynferðislegri velgengni;
- þær mega ekki halda því fram að áfengi hafi lækningamátt eða að það sé örvasandi, sefjandi eða leið til þess að leysa persónuleg vandamál;
- þær mega ekki hvetja til óhóflegrar neyslu áfengis eða sýna bindindi eða hófdrykkju í neikvæðu ljósi;
- þær mega ekki leggja áherslu á hátt áfengismagn drykkjanna sem jákvæðan eiginleika.

Samtök iðnaðarins hvetja allsherjarnefnd og flutningsmenn frumvarpsins að skoða þessar hugmyndir og breyta lögum um áfengisauglýsingar í þessa veru.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri